Röggur

Tímarit íslenska Reggionetsins um leikskólastarf

Ritstjórn og ábyrgðarmenn: Guðrún Alda Harðardóttir gudrun@unak.is **og Kristín Dýrfjörð** dyr@unak.is

1 tbl. 4. árg. **Haust 2002**

Frá Reggio, vor 2002. Hamingjuhjólið

Ágætu lesendur

Leikskólakennarar eru farnar að sjá út úr haustverkum og hafa vonandi tíma til að lesa fagtengt efni. Sumar vilja e.t.v. kíkja í rit á borð við Rögg. Því miður hefur langt liðið frá síðasta riti, en eins og lesendur vita er öll vinna við ritið unnið í sjálfboðastarfi meðfram öðrum störfum. Því er hætta á að Röggur sitji á hakanum. Þetta tölublað er byggt upp á tveimur veigamiklum greinum. Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur við Háskólann á Akureyri deilir með lesendum hugmyndum sínum um hvernig hún getur hugsað sér að byggja upp leikskóla í anda Reggio. Guðrún Alda Harðardóttir gerir grein fyrir nýstárlegri rannsókn sem hún gerði á meðal leikskólakennara. Það hefur lengi verið draumur okkar að hluti greina verði ritrýndar, í þessu tölublaði rætist sá draumur. Þegar grein er ritrýnd er hún send fagaðila til yfirlestrar, viðkomandi fær ekki að vita eftir hvern greinin er og höfundur greinar veit ekki hver les yfir. Yfirlesari(ar) er beðinn að leggja mat á greinina út frá vinnubrögðum, rannsóknargildi og gildi fyrir umræðu á meðal stéttarinnar. Er það von okkar og stefna að slíkar greinar verði fastir liðir í blaðinu.

October, 2002
Kristín Dýrfjörð

Í dönskum leikskóla

Efnisyfirlit:

Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt
Guðrún Alda Harðardóttir
Leikskólinn minn, þar sem ævintýrin gerast.
Sigríður Síta Pétursdóttir
Ferð til Reggio
Anna Friðriksdóttir , Jenný Gunnarsdóttir og Hólmfríður Sigmarsdóttir

Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt

Guðrún Alda Harðardóttir, lektor í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri.

Grein þessi er ritrýnd blint.

Sjö leikskólakennarar hittust reglulega haustið 1999 og ræddu um eigið starf. Í þessari grein koma fram hugleiðingar leikskólakennaranna. Notuð var Sókratísk samræðuaðferð eins og hún hefur verið þróuð innan heimspeki með börnum, að því leyti að leikskólakennararnir voru búnir að lesa ákveðna kafla úr bókinni fyrir hvern tíma og komu með spurningar eða vangaveltur.

Mikil aukning hefur orðið á að frásagnir fólks um eigin starfsreynslu séu skoðaðar og í dag er litið á frágögn (narrative) sem viðurkennda rannsóknaraðferð.[1] Haustið 1999 hittust sjö leikskólakennarar reglulega og ræddu um eigið starf og í þessari grein verður greint frá því. Ekki er um eiginlega niðurstöðu að ræða heldur hugleiðingar leikskólakennaranna sem geta opnað nýjar víddir og orðið hvati til frekari skoðunar.

Leikskólakennarahópurinn las bókina *Glasfåglar i molnen* eftir sænska leikskólakennarann Birgittu Kennedy. Í bókinni fjallar Birgitta um starf sitt síðastliðin tuttugu ár, hún skoðar skráningar og gögn sem hún á og rifjar upp starfsferil sinn. Hún lýsir og greinir gögnin og leitar raka, hvers vegna hún vann eins og hún gerði. Birgitta gerir grein fyrir eigin þróun í starfi eða eins og hún segir, þá leið sem hún fór til að verða betri leikskólakennari. Í þau tuttugu ár sem bókin spannar hefur Birgitta unnið nær eingöngu í sama leikskóla, í Kalmar. Undanfarin ár hefur leikskólinn unnið í anda Reggio. Bókin er mjög lýsandi og lifandi og leikskólakennararnir áttu auðvelt með að skilja og lifa sig inní vangaveltur Birgittu. En ekki síst var lestur bókarinnar kveikja að vangaveltum um eigið starf.

Samræðurnar fóru fram á tímabilinu 20. október til 8. desember 1999. Hópurinn hittist í sjö skipti, einn og hálfan tíma í senn. Notuð var Sókratísk samræðuaðferð eins og hún hefur verið þróuð innan heimspeki með börnum, að því leyti að leikskólakennararnir voru búnir að lesa ákveðna kafla úr bókinni fyrir hvern tíma og komu með spurningar eða vangaveltur sem voru skrifaðar upp á töflu, hver spurning var síðan rædd. Reynsla leikskólakennaranna er fjölbreytt, frá mismunandi stöðum á landinu og frá því að vera nýútskrifaðir yfir í að hafa 20 ára starfsreynslu. Með samþykki þátttakenda voru samræðurnar teknar upp á MD – tæki.

Unnið var úr samræðunum á þann hátt að fyrst voru þær færðar yfir í tölvutækt form, svo flokkaðar, klipptar og settar saman eftir þemum og styttar. Til að fela þátttakendur hefur smáatriðum í sumum tilfellum verið breytt en samræðurnar eru annars að mestum hluta hafðar orðréttar. Til að fá meiri heild og lesvænni uppsetningu var samræðan færð í einræðu þar sem raddir allra leikskólakennaranna speglast í einni rödd. Og til að gefa röddinni líf er hún skrifuð á talmáli og í fyrstu persónu.

Ég vil þakka leikskólakennurunum fyrir ánægjulegar stundir – glatt var á hjalla, þó umræðuefnið gæti verið alvarlegt og ekki síst vil ég þakka þeim fyrir að vilja leyfa öðrum að njóta.

[1] Munro 1998

Uppeldisáætlun - Aðalnámskrá

Ég held að í gegnum árin höfum við leikskólakennarar verið mjög uppteknir af því að gera eins og *Uppeldisáætlun* segir. Ég vona að við verðum ekki eins upptekin af því að gera eins og *Aðalnámskrá* segir. En auðvitað eigum við að gera það, en ekki að líta á hana sem einhverja uppskrift. Ég var til dæmis að uppgötva það núna löngu, löngu seinna að þegar ég var að skrifa ritgerð í náminu og átti að velja mér eitt markmið úr *Uppeldisáætlun* og skrifa útfrá því og gagnrýna það, að ég var svo bundin af því að það væri allt svo fullkomið í þessari bók að ég átti bara mjög erfitt með það – ég gat það bara ekki! Ég fór eins og köttur í kringum heitan graut. Svo var ég að lesa ritgerðina mína um daginn með þetta fyrir augum og ég er sko langt frá því að gagnrýna nokkurn skapaðan hlut! Þetta var bara biblía – manni var svo innprentað þetta. Hún var jafnvel biblía hjá þeim sem vissu ekkert hvað í henni stóð! En það áttu allir að lesa hana og fara eftir henni, þó þú hefðir ekki hugmynd um hvernig þú ættir að fara að því. Ég minnist þess að hafa setið á fundi með leikskólaráðgjafa og þá var ég sem leikskólastjóri - það hefur verið eitthvað rétt í kringum 1989 eða 1990. Við vorum nokkrir leikskólastjórar saman og hugmyndin var að fara í markmiðin hjá leikskólunum og hún krafði okkur sagna - hvað meinarðu með þessu? Ég skal segja ykkur, að maður velti fyrir sér hvað væri eiginlega að henni! Svo þegar hún fór að benda manni á staðreyndir, að við getum til dæmis ekki teygt okkur svona langt út fyrir skólann eins og með að allir séu glaðir! - eða að allir foreldrar geti komið og talað við leikskólafólkið með opnum huga - það bara gengur ekki. Þetta er útópía, máttur okkar er ekki slíkur! Markmiðin sem voru í *Uppeldisáætlun*, þau eru auðvitað góð og gild og allt það, en þau voru mjög opin. Í dag sér maður að auðvitað var ætlunin að síðan myndu starfsmenn kryfja þau betur fyrir sinn leikskóla. En sko fólk hafði kannski ekki þann bakgrunn svona almennt, til þess að geta gert það, þó svo einhverjir hafi gert það.

Ég held það sé það góða við *Aðalnámskrána* – námskrárgerðina, að það er allt starfsfólkið sem tekur þátt í að móta hana og það þarf að kafa - það er ætlast til þess að það sé kafað. Af hverju erum við að starfa svona? Hvað liggur að baki? Þetta eru ekki bara einhver orð á blaði. Heldur að við erum að gera þetta af því að við höfum trú á því. Eða að við hættum að vinna eins og við höfum verið að vinna vegna þess að við höfum bara ekki verið að vinna þannig og við höfum bara ekki trú á því, þó það hafi heitið eitthvað fínt. Við setjum svona eitthvað fallegt annað hvort uppá vegg eða á blað og svo uppgötvum við allt í einu að við erum ekkert allaf að gera þetta og það er mjög oft kennt um tímaleysi. En er það bara tímaleysi? Það er oft erfitt að fylgja eftir ákveðinni braut – einhverri ákveðinni kenningu. Það krefst mikils af starfsfólkinu, allir þurfa að velta þessu fyrir sér og vera meðvitaðir. Oft þá fer maður bara hálfa leið!

Þátttaka leikskólakennarans

Það sem mér finnst gera leikskólastarfið svo skemmtilegt það er margbreytileikinn. Salka hefur sínar reynslu og sína upplifun og hún kemur því að og það er alveg jafn merkilegt og það sem Dúna hefur, hún hefur bara allt aðra reynslu og sá sem er 1, 2, 3, 4 eða 5 ára kemur með sína reynslu sem er enn frábrugðnari. Maður verður að minna sjálfan sig á að nýta margbreytileikann, en ekki alltaf ætla að ráða sjálfur! En mér finnst að leikskólakennarinn eigi að taka þátt, ekki að vera óvirkur. En svo er það, hvenær stýrir maður of mikið? Ég held að það sé gott að það sé alltaf þessi efi. Þú þarft að meta barnið, aðstæðurnar og allt.

Viðurkenna hæfileika annarra

Mér finnst mikilvægt að þora að koma auga á hæfileika vinnufélaga, en ekki bara þeirra heldur líka annarra leikskólakennara eða annarra starfsmanna í leikskólum og nýta sér þá. Þannig að sýnin sem ég hef á barnið verði mannsýn, að ég fái þessa sýn á fólk. Þori að viðurkenna hæfileika annarra og nýta þá til góðs. Mannauðsstefnan byggir á því að mannauður allra njóti sín, alveg sama hvar í stiganum eða á hvaða aldri hann er, það er að koma auga á hann. Styrkja einstaklinginn í því sem hann er góður í og efla hann þannig að hann geti breikkað hæfileika sína. Grípa augnablikið og hrósa og kunna að taka hrósi. Ég held að við séum hrædd við að hafa hæfileika, sérstaklega á svona kvennavinnustöðum. Ef einhver gerir eitthvað þá kemur - hvað heldur hún að hún sé! Maður er hræddur að bera af í einhverju, hræddur við að hafa einhverja hæfileika eða eitthvað sem aðrir hafa ekki. Ég veit ekki hvort það er í okkur Íslendingum að við megum ekki láta á okkur bera, en mér finnst að við séum oft hrædd við að hafa hæfileika.

Jafnvel fyrir að vera bara þú sem manneskja, hvernig þú kemur fram sem manneskja, þér sé hrósað fyrir það. Og taka því, hrós er gjöf og maður skilar ekki gjöfinni! Ég skal segja ykkur að ég tók mig til og hrósaði markvisst öllu starfsfólkinu fyrir eitthvað á hverjum einasta degi í heila viku bara öllum og það var auðvitað ekkert mál að finna það. Svo var starfsmannafundur viku seinna og ég spurði - finnst ykkur einhver hafa hrósað ykkur undanfarið eða fengið eitthvað hrós? Og allir sögðu, - nei! Ég hugsaði með mér, bíddu hvað er að okkur? Það kvörtuðu allir sáran yfir því að þeir fengju aldrei hrós á vinnustaðnum. Kannski kunnum við ekki að taka hrósi eða að við tökum hrósið ekki til okkar. Ég vil meina að þetta sé svolítið líkt með hrós og hæfileika, við tökum þetta ekki til okkar og ef einhver hefur einhverja hæfileika þá erum við ekki nógu dugleg að viðurkenna það.

Ég hef líka áhyggjur af því að leikskólakennarar fái ekki svigrúm til að vaxa í starfi innan leikskólans. Ég hef oft horft á þessa reyndu og miklu leikskólakennara sem eru miklir fagmenn, þegar þeir eru komnir að ákveðnum punkti í leikskólanum þá fá þeir ekki meiri faglega ögrun og þá fara þeir. Þá fara þeir í grunnskólann því þar er einhver ný ögrun. Ég held að við þurfum að skoða þetta betur, gera svona litla sérfræðinga, myndlistarsérfræðing, tónlistarsérfræðing, það getur til dæmis verið ein sem er alveg frábær í að þróa hvíldina. Okkur vantar eitthvað ögrandi fyrir hæfileikaríku leikskólakennarana okkar, svo þeir geti blómstrað í sínu starfi. Birgitta kemur einmitt inná þetta í bókinni, að finna sér einhvern flöt eins og hún gerði. Bæta við sína sérþekkingu. Fara og afla sér þekkingar á einhverju sviði og koma aftur.

Þegar ég les bókina hennar Birgittu þá finnst mér að hjá þeim sé mun meira um innhverfa íhlutun en hér, eins og „hvað getum við gert til að breyta því ástandi sem er? - En til dæmis í rannsókninni hennar Örnu Jónsdóttur þá finnst mér koma öfugt, þá er - hvað geta hinir gert fyrir mig? Það er miklu meira þannig, ekki hvað get ég gert til þess að breyta ástandinu? Mér finnst nauðsynlegt að byrja haustin ekki bara á að skipuleggja starfið og börnin heldur fyrir sjálfa mig: Hvað ætlar <u>þú</u> að gera í vetur? Semsagt ekki bara það að ég ætla að koma hingað klukkan átta á morgnana og fara heim klukkan fjögur svo hef ég það bara gott þess á milli. Heldur verð ég að hafa eitthvað, gera eitthvað fyrir sjálfa mig.

Minnimáttarkennd

Svo er þetta með minnimáttarkennd leikskólakennara, til dæmis þegar sagt er - þú ert bara leikskólakennari eða - til hvers þarft þú að vera í þrjú ár í skóla til að læra þetta! Jafnvel inni í leikskólanum. - Þú ert búin að læra í þrjú ár og hvað gerirðu svo – bara situr á

fundum! Bara hitt starfsfólkið og við erum svo duglegar við að gera allt – fyrir alla! Ég er sammála Birgittu (í bókinni) þegar hún segir að í rauninni ýtum við undir þetta, með því að við látum aðra segja hvað felist í starfinu okkar. Það er ótrúlegt, hvaða stétt gerir slíkt? Og tökum frekar mark á einhverjum sem við höldum að séu eitthvað meira menntaðir – innan gæsalappa. Ég man þegar ég sagði þessi orð „ég er sérfræðingur í leikskólauppeldi og þú ert sérfræðingur í þessu.“ Ég þurfti einu sinni að svara, þegar mér fannst verið farið að ganga gífurlega á rétt leikskólans og ég skal segja ykkur að ég svitnaði og roðnaði við að segja þetta. En sagði það samt og hef nýtt mér þetta vel síðan. Leikskólakennarinn er í samskiptum við fjölda annarra fræðinga og hann fær jafnvel blað í hendurnar um það hvernig hann á að fara með barnið. Efla ýmsa þætti vegna þess að barnið er ekki búið að ná þeim og verður að vera búið að ná þeim fyrir skóla og svo segir leikskólakennarinn alltaf bara, já!

Ég man eftir því að ég var einusinni á – skilafundi, við tókum við barni sem hafði verið í öðrum leikskóla og var með stuðning. Ég hitti sálfræðingana og þeir lögðu línurnar. Við fórum tvær og við hlustuðum og sögðum bara – já og nikkuðum. En þegar við komum út þá sögðum við samtímis við hvora aðra - við gerum þetta ekki! Þetta var barn sem var misþroska og ofvirkt, það kunni ekki að vera í hóp og eyðilagði allt í hópnum. Línurnar sem við fengum frá sálfræðingunum voru, að þegar barnið hegðaði sér óæskilega þá áttum við að snúa stólnum þannig að það sneri baki í hópinn! Þessi aðferð var andstæð kennsluaðferðunum sem við notuðum í leikskólanum. Það tók okkur sex mánuði að finna leið sem hentaði barninu, en við uppskárum! Þarna vorum við ekki komnar það langt að við segðum bara - ég er ósammála þér! heldur þögðum bara og gerðum svo eitthvað allt annað.

Ég skal segja ykkur að skammakrókshugsanir eru ekki liðin tíð, eins og kom til dæmis fram í fyrirlestri um daginn. Þeir sem aðhyllast slíka hugsun, segja gjarna - þetta virkar! Ekki hvað það skilur eftir sig eða hvaða áhrif það hefur á barnið og samfélagið. Hvernig einstakling er verið að móta? Stimpillinn sem barnið fær, svo heldur það áfram að vera í þessum hóp, þessir einstaklingar eiga sér oft ekki viðreisnarvon.

Sum börn lenda í því að þeim er kennt um allt, nafn þeirra glymur yfir. Haldið þið ekki að starfsfólkið eigi oft upptökin að því að barn fær stimpil til dæmis frá barnahópnum? Það byrjar til dæmis með - „Siggi þetta..., Siggi þetta..., sittu Siggi...., gerðu Siggi...“ Ég held að við getum átt stóran þátt í þessu.

Svo er þetta með fagmennskuna, við erum svo viðkvæmar fyrir fagmennskunni. Tala nú ekki um ef einhver fræðingur sýnir manni fram á það að hann getur reddað þessu á augabragði, getur fengið barnið strax til að þagna. Þá dettur fagmennskan niður um mörg þrep, þó að við séum meðvituð um að þannig aðferð er aðeins skammtímalausn og ekki góð sem framtíðarlausn fyrir heill barnsins. Við ættum að vita að einstaklingarnir eru svo misjafnir og að það er engin uppskrift til. Ofvirkir einstaklingar eiga það sameiginlegt að hafa þessa fötlun, en það þarf ekki að vera neitt annað sammerkt með þeim, þeir geta komið frá mismunandi bakgrunni og svo framvegis.

Ef til vill lítum við mjög upp til annarra stétta, auðvitað eigum við eins og aðrar stéttir að hlusta á hvað aðrar stéttir hafa fram að færa og nýta okkur það. En það er þessi minnimáttarkennd að það sé ekki nógu merkilegt það sem við höfum fram að færa. - Við erum bara með litlu krakkana. Maður finnur töluvert fyrir þessu í umræðu þegar verið er að ræða um grunn- og leikskólann að maður þarf verulega að halda leikskólanum á lofti. Annars verður hann svolítið svona - auka búgrein, til dæmis á fundum svona rétt í lokinn

er sagt „já og svo er þarna smá mál eftir sem er leikskólinn.“ Þetta hefur verið svolítið svona, maður verður stöðugt að vera að ýta undir.

Annað sem tengist eflaust minnimáttarkenndinni er að almennt eru leikskólakennarar ekki nógu duglegir að gera grein fyrir því starfi sem þeir hafa verið að vinna. Til dæmis að skrifa um það eins og þessi Birgitta gerir með þessari bók, það eru fullt af svona snillingum alls staðar, hér á landi og alls staðar. Ég get til dæmis bent á eina sem á skráningar frá ´89, allar skráningar! En þeir virðast eiga erfitt með að skrifa eða segja frá - þetta er ég og svona er ég að gera. Við erum alltaf að miða okkur við eitthvað sem við höldum að sé eitthvað merkilegra. Í staðinn fyrir að segja - þetta er gott hjá ykkur en við erum líka að gera frábæra hluti. En ekki að fara í vörn heldur vera stoltur! En mér finnst þessi samanburður á milli leikskóla vera að minnka núna. Hér einu sinni komu þær og sögðu - þessi er að gera þetta sko... og það liggur við að þær segðu - má ég líka! bara eins og - elsku mamma má ég! Það er farið að draga úr þessu, bara að fólk standi fyrir því sem það er að gera. Það er sjálft að gera góða hluti og þarf ekki alltaf að halda að það sé eitthvað grænna þarna hinum megin við lækinn.

En ég held að leikskólakennarastéttin sé að taka skref fram á við núna. Fólk tók eftir því á síðustu ráðstefnu hjá félagi leikskólakennara, að það var bara einn fyrirlesari sem ekki var leikskólakennari. Þarna var hver fyrirlesarinn á fætur öðrum að segja frá sínu starfi í sínum leikskóla - það er þetta starf sem við erum að vinna, þetta er kjarninn í starfinu. Þetta finnst mér góð þróun og vona að það verði ekki bara þessi eina ráðstefna hjá félaginu sem verði byggð upp á þennan hátt.

Ætla að vera súper!

Reynslan kemur með tímanum og þú sem leikskólakennari sérð að það sem þú lærðir af skólabókinni í skólanum passar kannski ekki alveg inní þinn leikskóla. Þú þarft sem persóna að aðlaga það að því sem hentar þínu starfi. Með reynslunni finnur þú leið til að láta það passa, leikskóli og leikskóli er engan veginn það sama, til dæmis hvort þú býrð í borg, bæ eða í dreifbýli, hvort allir fara heim í mat og allt þetta. Þú þarft að aðlaga þig að því samfélagi sem þú býrð í, því þú breytir ekki samfélaginu í einni svipan. Þú getur til dæmis ekki tekið eitthvað í heilu lagi úr borgarleikskóla og fært það yfir í sveitaleikskóla. Hugmyndafræðina getur þú alveg fært en þú aðlagar hana, ég held að, það að vera hæfur sé að geta aðlagað kenningarnar að því umhverfi sem þú ert í.

Ég man hvað mér fannst erfitt þegar ég byrjaði að vinna, þegar mér fannst ég eiga að gera svo mikið meira en ég hafði tíma til og skilning. Maður getur ekki gert alla hluti einn! Mér fannst því oft að ég gæti gert svo miklu betur og ég vissi hvað ég ætti að gera og hvernig ég ætti að gera það en kannski vantaði mig einhvern til að tala við. Svo líka þegar draumarnir rætast ekki, ef maður ætlar að gera einhverja súperdeild, svo bara gengur þetta ekkert upp. Eða kannski situr maður eftir með súperdeild en gerir sér ekki grein fyrir því, vegna þess að hún var ekki alveg eins og maður ætlaði að hafa hana. Maður sá einhverja aðra mynd, glansmynd eða líka það að þora að horfast í augu við að útkoman er ekki alveg sú sem maður lagði upp með.

Sveigjanlegt skipulag

En dagskipulagið er auðvitað fyrir börnin líka, það skapar þeim öryggi, hvað kemur næst og þau hafa ótrúlega tímasetningu á því hvenær kemur að næsta hlut, þó að þau séu ekki nema rétt um tveggja ára gömul, þá eru þau farin að skynja það. Í bók Birgittu kemur fram að þau hafa breytt bæði umhverfinu og dagsskipulaginu. Til dæmis yfir í sveigjanlegan hádegistíma, verkefnahópurinn

borðar alltaf saman. Ef hópurinn er að vinna eitthvert verk og þarf 15 – 20 mínútur í viðbót, þá hefur hann svigrúm. Af því að skipulagið er hannað þannig að þessi hópur borðar saman, þá raskar það ekki neinu fyrir aðra sem eru kannski fyrr með sín verkefni. Af hverju þurfum við að hafa matinn allan á sama tíma? Er það fyrir eldhúsið? Það er ekkert endilega fyrir börnin. Það er bara spurning hvernig viljum við hafa skipulagið en ekki hvort, auðvitað þurfum við að hafa skipulag. En ekki svona fastan og stífan og stóran ramma að þú bara nærð þessu varla! Eins og bara allt þetta val og hóparnir, fólk tók allt sem bauðst. Tónlist, hreyfing og svo kom eitthvað annað... Anton Bjarna... og allt var prufað og alltof mikið á örfáum klukkutímum, allir alveg kófsveittir. Svo sat maður alveg sveittur að skipuleggja þetta allt saman svo þetta passaði nú allt inní rammann.

Svo allir þessir kaffitímar starfsfólks og matartími. En ég get alveg sagt ykkur að ef maður fer að skoða þetta. Ég hef gert það með starfsmannahóp og það voru þarna svo íhaldsamar kerlur sem höfðu verið - teiknaðar inn með mublunum, ég átti sko aldrei von á að það kæmi svona breytingatillaga fá þeim. Þegar ég spurði „hvað er það sem ykkur finnst hafa hamlað mest starfinu í vetur?“ sögðu þær „kaffitímarnir okkar, óþolandi að þurfa alltaf að fara í kaffi á einhverjum ákveðnum tímum“ vitið þið það að ég varð svo klumsa og spurði „hvað viljið þið þá gera?“ „Við viljum bara að kaffitímarnir séu búnir þegar öll börnin eiga að vera komin klukkan níu og þá á hluti að vera búinn í kaffi og svo kannski svona um ellefu eða hálf tólf er kannski hægt að fá sér smá kaffisopa aftur.“ Þetta vildi starfsmannahópurinn og þetta voru þær sem voru gamlar og „það hafði alltaf verið svona“ þær voru harðastar á þessu. Þær sögðu „ef við erum að vinna einhverja skemmtilega hópavinnu eða að við erum í gönguferð, þá er óþolandi að þurfa alltaf að vera komin klukkan þetta eða hitt, af því að einhver þarf að fara í kaffi eða einhver þarf að gera þetta. Ég vil bara ekkert láta einhvern annan trufla mína vinnu.“ Mér fannst þetta svo frábært, þetta var ófaglært fólk. En ég þekki líka hinar öfgarnar, þá vorum við með val og hópastarf sem gekk yfir á allar deildir. Það var kannski nóg að einhver helti niður í kaffitíma og það þurfti að þrífa það upp, bara svona smá tafir fóru eins og bylgja um allan leikskólann. Það hafði alls staðar áhrif! Við gáfumst uppá þessu, þetta var vonlaust. Þá ákváðum við að hver deildarstjóri raðaði niður hvernig hann ætlaði að nýta tímann, hvenær kaffitímar væru hjá starfsfólkinu og var engum háður. Sumir hópar gátu þess vegna verið að dunda sér fram undir hálf tólf og það hafði ekki áhrif. Þetta var allt, allt annað, allir voru sáttir og upplifðu ekkert stress eða neitt í kringum þetta.

Langar að komast frá þessu

Ég held ég sitji uppi með að vera svolítið föst, sjálf get ég hugsað mér að gefa þetta svolítið frjálst og börnin komi með hugmyndir sem maður vinnur útfrá. En ófaglærða starfsfólkið það er ekki tilbúið í þetta og í raun og veru er ég að skipuleggja fyrir það! Mér skilst að þetta sé höfuðverkur margra en þá spyr ég. Fyrir hvern er leikskólinn? Fyrir hvern er starfið sem ég er að vinna í leikskólanum? Er það fyrir starfsfólkið og foreldrana eða er það fyrir börnin? Ég sit uppi með spurningar eins og hvað er ég að gera? Vilja börnin endilega að við séum með þetta svona skipulagt? Vilja þau að allir standi klárir þannig að það megi ekki muna fimm mínútum á kaffinu svo allt kerfið ruglist? Kannski er þetta ákveðið öryggi að hafa þetta svona, óöryggið að hafa ekki einhverja uppskrift að halda í. Kannski erum við búin að færa þessa uppskriftarhugsun yfir í dagskipulagið, eða hvað? Auðvitað þurfum við ákveðinn ramma, það þurfa allir ramma utanum lífið sitt. En ég hef stundum spurt mig. Er þessi rammi ekki orðin alltof stífur?

Val á verkefnum

Við erum kannski föst í því að við erum að skipuleggja fyrir veturinn, fyrir börnin og ég er alls ekki alltaf viss, hvað og af hverju? Er það vegna þess að mér finnst þetta skemmtilegt? Eða er það vegna þess að barnahópnum finnst það skemmtilegt? Ef þetta er sett upp eins og Birgitta (í bókinni) gerði, til dæmis í kastalaverkefninu þá fóru þau í kastalann og skráðu hvað börnin voru uppteknust af í heimsókninni, það voru fallbyssurnar og götin sem var skotið í gegnum, svo fóru þau heim og unnu með það og fóru svo aftur og skoðuðu þá aðra hluti.

Mér finnst að það þurfi að hlusta á hvað börn eru að segja, af hverju endilega að velja, er ekki hægt að spyrja áfram, leiðir það ekki endanlega að einhverju? Ég fór um daginn með hópinn minn að skoða kirkju, ég spyr mig stundum fyrirfram eins og - að hlusta á fyrirlestur um eitthvað sem er ekkert tengt börnum eins og bara fræðileg atriði um Hallgrímskirkju. Hvað held ég að börnin muni mikið af þessum fyrirlestri til næsta dags, til þess að segja mér? Eitt eða tvö atriði eða hvað held ég? Það er athyglivert að spyrja sjálfa sig að þessu. Eða trúi ég því að þau geti munað þetta allt saman þegar þau koma heim af fyrirlestri um Hallgrímskirkju, eins og reyndin var. Því börnin fóru heim og fræddu foreldra sína um það allt! Þeim var bara sagt þetta einu sinni og mundu þetta alveg.

Hlustum við?

Mér finnst oft á tíðum að ég hlusti á orðin, en kannski ekki á tilfinningarnar sem liggja að baki þeim og líkamstjáninguna. Eða að ég hlusta á orðin og held að ég sé að hlusta á líkamstjáninguna og tilfinningarnar, en HLUSTA samt ekki. Túlka það ekki og geri ekkert með það. Það er þetta með Gordon og virku hlustunina, hún breyttist hjá mér þegar ég fór að tileinka mér þetta, en svo var ég líka ansi oft fljót að detta tilbaka. Ég setti mig ekki í stellingar að hlusta.

Ég man eftir því að ég tók einu sinni samverutíma upp á segulband hjá mér. Ég hélt að ég væri svakalega fagleg en ég skal segja ykkur, að ég fór bara undir sæng þegar ég var búin að hlusta á það! Börnin áttu í vök að verjast! Ég lagði upp með spurningarnar: Hlusta ég á börnin? Gef ég þeim tækifæri? Og skoðaði útfrá þessu, ég hélt að ég væri að hlusta en ég gerði það ekki! Oft greip ég fram í og oft gerði ég annað skal ég segja ykkur, ég leiddi þau eða stýrði þeim. Ég gekk með hauspoka! í nokkra daga á eftir! Mér fannst ég alveg hræðileg! Þá spurði ég mig. Hvað er ég búin að vera að læra! Maður ætti nefnilega að taka sig oftar upp. Annað dæmi, þá talaði eitt barnanna lítið og mjög illa og ég var að reyna að hjálpa því. Þá tók ég mig upp á segulband, en starfsfólkið sagði, það er ekkert að marka þetta, þú veist alveg af tækinu. En þegar ég hlustaði þá spóluna heyrði ég, að þegar barnið var að biðja þá bara leit það á mig og þá sagði ég orðið fyrir það! Eða að mér fannst það svo lengi að ég greip óvart inní og áttaði mig ekki fyrr en ég var búin að segja orðið. Þá benti ég starfsfólkinu á að þó að maður viti af tækinu þá sjái maður sig í öðru ljósi við að hlusta á sig. Það væri mjög gott að hlusta á sjálfan sig, tala nú ekki um að horfa á sig á myndbandi það getur verið hræðilegt, en það er samt gott!

Þú getur komist að svo mörgu með þessari aðferð, ég komst til dæmis að því að oft ætlaði ég að komast að einhverri niðurstöðu, leiddi börnin áfram þangað til að ég fékk niðurstöðuna sem ég ætlaði. Í staðinn fyrir að HLUSTA og leyfa að fljóta og fá bara þá niðurstöðu sem kemur, nota það sem maður heyrir.

Sýn á barn

Mér finnst sýnin á barnið hafa breyst alveg gífurlega og þó svo að ég tali um þetta

ofskipulag og hlæ að í dag. Ég held að við höfum þurft á þessu að halda, að fara út í þessar öfgar og komast þangað sem við erum. Fara að velta fyrir okkur fyrir hvað við stöndum? Til hvers erum við hér? Núorðið koma mun oftar upp svona spurningar; fyrir hverja erum við að gera þetta? Áður fyrr bara gerðum við það. Mér finnst líka að maður hafi fengið mikla virðingu frá foreldrum og þjóðfélaginu. Ég held að sú sýn; að það skiptir máli fyrir barn að fara í leikskóla og vera innanum félaga og vera að vinna vinnu sem skiptir máli, með fólki sem gerir sér grein fyrir hvað er að gerast í lífi þess. Ég held að sú sýn hafi breyst, við erum ekki lengur *pössunarpíur* eins og ég heyrði einu sinni. Nú eru mun meiri kröfur gerðar, það má segja að kröfur fólksins hafi breyst vegna þess að sýnin á barnið hefur breyst.

En það eimir þó svolítið eftir af gömlu sýninni, allavega spyr ég mig þegar foreldri leggur ofuráherslu á útiveru og telur að af fjögurra tíma viðveru í leikskólanum þá sé einn og hálfur til tveir tímar ekki fyllilega næg útivera! Þá velti ég fyrir mér er þetta kannski arfur af þessari pössunarsýn? Eða hvað? Eða af sjómennskunni að herða börnin upp? Eða jafnvel arfur af þessu íslenska, að það væri svo gott fyrir börnin að vera úti? Mömmurnar voru heima að elda, baka og þrífa og voru að passa börnin sín, en voru svo ekkert að passa börnin! Börnin voru úti og voru að læra af félögunum. Það var bara hér um daginn sem ein svona spurning kom upp á foreldrafundi hjá mér. Af hverju fara þau ekki út aftur eftir kaffið? Ég skal segja ykkur að þau eru úti fyrir kaffi og það var spurt í fullri alvöru. Stundum velti ég fyrir mér hvort það geti verið, að þá þarf ekki að klæða þau í gallann þegar þau eru sótt? Ef það er ekki útivera þegar börnin mæta heyri ég foreldra oft segja „oho hann er komin í öll fötin! „þarf ég að klæða hann úr þessu!“ Þá spyr ég mig, eru þau að fara með barnið á róló? Er útiveran fyrir foreldrana eða börnin? En auðvitað fer þetta eftir því hvernig við kynnum útiveruna, ég hef unnið í leikskóla með frjálsri útiveru og það var mjög vel kynnt fyrir foreldrum og börnin voru ekki minna úti en annarsstaðar þegar upp var staðið. Við vorum náttúrlega alltaf voða skemmtilegar úti, með tilboð í gangi og svona vegna þess að útiveran er ekkert minna nám en þemahópurinn en hún er bara alltof illa nýtt.

Barnahópurinn

Mér finnst Birgitta (í bókinni) vinna svo flott með það hvernig hún notar barnahópinn sem uppeldisaðila. Ef börnin spyrja þá dregur hún sig í hlé og spyr alltaf „hvers vegna, hvers vegna?“ og hvetur þau til þess að hjálpa hvort öðru. Eins og með að spyrja hvert þeirra hvort þau viti eitthvað um málið, hvað þau vilji leggja til. Ég hef nú oft orðið vitni af því að þegar ég hef beðið barn um að hjálpa öðru barni þá liggur við að það rigni upp í nefið á því það er svo stolt, þetta er þessi styrking. Mér finnst það líka koma inn á hæfileika, að viðurkenna hæfileika barnahópsins, það sé ekki bara allt í mínum höndum. Greina sterku og veiku hliðar barnahópsins og vinna út frá sterku hliðunum. Nákvæmlega eins og ég vinn með sterku hliðar einstaklingsins. Þú sem leikskólakennari þarft kannski bara að byrja á því að skima og skoða barnahópinn og jafnvel gera skráningu á hópnum eða hverju og einu barni. Þannig að þú getir nýtt þá hæfileika sem eru til staðar. Ef þú trúir því að börn séu ekki alveg nákvæmlega eins, þá verður þú líka að horfa svolítið öðruvísi á þetta heldur en bara hópstarf. Mér finnst svolítið loða við að við ætlumst til þess að öll börnin séu eins í öllu, í teikningu, í samveru, í hugmyndaauðgi, þau eiga öll að geta jafn mikið, finnast allt jafn gaman og hafa áhuga á þessu öllu saman og ef ekki þá er eitthvað að!

Sjálfstæði

Svo velti ég fyrir mér spurningum eins og: Hvað er að vera sjálfstæður og hvernig ætla ég

að gera börnin sjálfstæð? Við að setja ákveðnar reglur, er þá verið að brjóta á sjálfstæðinu? Eða hjálpa þær barninu til að verða sjálfstætt? Svo eru það boðin og bönnin, hvenær eru þetta boð og bönn og hvenær eru þetta reglur? Hver setur reglurnar? Við fullorðna fólkið setjum reglurnar og segjum að þetta séu reglur en eru það alltaf reglur? Ég veit að fólk fer aldrei í gegnum lífið án reglna og að taka tillit til annarra. En það er þetta eina rétta svar sem VIÐ þykjumst vita, sem Birgitta (í bókinni) kallar að vera *gerandi*, að vera alltaf þessi fræðari. Alltaf að kenna í staðinn fyrir að reyna að efla áhuga barnanna, nota áhugahvöt þeirra, áhuga hópsins og það finnst mér henni takast alveg sérlega vel. Hvernig hún byrjar alltaf á haustin með óskrifað blað og lætur áhuga hópsins leiða starfið áfram. Mér finnst þetta svo frábært, en hún er samt að efast, er ég að gera rétt? En er maður ekki alltaf að efast og er það ekki eitt af því sem gerir mann að fagmanni?

Ég velti mjög fyrir mér þessu eina rétta svari, um daginn hlustaði ég til dæmis á fréttakonu vera að taka viðtal við nokkur börn varðandi Bangsadaginn. Tónninn sko, sumar spurningarnar voru auðvitað mjög leiðandi, en tónninn sem hún notaði bæði þegar hún spurði og þegar hún svaraði, hann sagði miklu meira en orðin. Þess vegna spyr ég, er til rétt svar? Vegna þess að við gefum oft svarið með tóninum og hvernig við komum fram, til dæmis sagði ein „ég á ekki bangsa“, þá sagði fréttakonan „ÁTTU EKKI BANGGSSAA!“ Svona voða leiðinlega, en ætlaði að vera ofsalega hissa! En sagði í raun „hryllilega ertu léleg!“ Það er akkúrat þetta, þarna var hún að gefa ákveðið svar, gefa ákveðna lausn. Ég verð oft vör við að börnin svara eftir því sem þau halda að muni henta manni. Svona eigi þau að svara. Eru að reyna að finna mína lausn eða þá niðurstöðu sem þau halda að ég hafi ákveðið. Þangað til að þau komast að því að það er ekki það sem gildir, þá fara þau að leita sjálf. En þau kunna gjarnan ekki að svara svona opnum spurningum, fara bara í flækju.

Ég held að spurningarnar okkar séu stundum ekki eins opnar og við höldum. Ég held nefnilega að við höfum oft verið þessi mötun, þessi fróði fræðari. Stundum byrja ég á opinni spurningu og börnin svara og svo klikka ég! Kem með svar! Ég sem hélt að ég væri svo opin! Börnin þurfa náttúrlega eins og við að læra að ná tökum á þessu eins og að spyrja opinna spurninga. Þau þurfa að átta sig á þessu líka, þetta eru nýjar leikreglur. Það má segja að það þurfi að ræsa þau til þess að geta svarað opnum spurningum og tjáð hvað þeim finnst og af hverju. Ég held að það sé kannski leiðin en það er kannski ekki eitthvað eitt rétt.

Myndir á vegg

Svo er það með myndirnar, þegar Birgitta (í bókinni) talar um þegar þau fóru að hengja upp myndir barnanna. Þarna fannst mér við vera hengja upp hverja einustu, einustu mynd eftir barnið, þannig að það sást ekki í vegginn og allt úði og grúði. Sjálfsagt hengdum við þær aðallega upp fyrir okkur. Til að sýna hvað við værum búin að afreka mikið, en börnin náðu kannski ekkert að ná sinni mynd út úr þessu veggfóðri. Það var kannski ekki svona gróft en börnin skynjuðu samt ekkert sína mynd í þessu. Svo talaði ég ekkert um myndirnar við börnin, kannski „flott hjá þér Siggi“, eða „viltu ekki þekja blaðið betur.“ Og ákvað svona næstum því fyrir barnið hvað það var að teikna, en leitaði ekki eftir því eða hlustaði á hvað það var að segja með myndinni. Nema ef var eitthvað að barninu þá fór ég verulega að spá í málin útfrá myndinni. Hvort barnið notaði rétta liti og hvort þetta væri nú þroskalega rétt, eins og til dæmis með munn, hvort að það vantaði þarna eitthvað á og svona, sem ég þyrfti að laga! Til dæmis með málörvun, ég notaði teikningar mikið á þennan hátt og auðvitað geri ég eitthvað af því ennþá en á annan hátt. Svo var þessi framleiðsla á myndum, það áttu allir að eiga eitthvað og gera eins. Allir þurftu að eiga eitthvað uppi á vegg, við héldum að

foreldrarnir vildu það. Nauðug, viljug þá skildu börnin sko koma og teikna, þetta náði hámarki í jólaundirbúningnum, þá var sko krossað við! Og börnin skildu klára með góðu eða illu og voru jafnvel dregin inn í snjógöllunum og fóru kannski ekki einu sinni úr pollafötunum eða stígvélunum, jafnvel bara úr vettlingunum, til þess að klára! Það er þetta með öfgana, mér finnst allt í lagi að börn geri einhvern hlut, en mér finnst mikilvægt að þau fái eitthvað um það að segja, eitthvert val.

Sjálfsmynd barna

Af því að ártalið kemur fram í bókinni (1987) þá staðsetti ég mig hvar ég hafði verið að vinna á þessum tíma. Ég man að þá var verið að gera sjálfsmyndir af öllum börnum, leggja þau á gólfið og draga af þeim útlínurnar og svoleiðis. Eða með kastara svo teiknuðum við skuggana, það var svakalega flott þegar við vorum búnar að líma þetta á hvítt blað. En við vorum ekki að horfa á sjálfsmyndina, við vorum að horfa á líkamsþekkinguna, þá var verið að hugsa um að börnin lærðu líkamshluta, en ekki kannski sinn innri mann, líðan þeirra. En það kemur fram í bókinni að þau eru að horfa á sjálfsmyndina á þessum tíma. Við erum nokkrum árum á eftir, förum ekki að horfa á sjálfsmynd barna fyrr en uppúr 1990. Þegar ég-skilaboðin komu eftir Gordan, þá varð ég mjög upptekin af þessu með sjálfsmyndina. Til að skerða ekki sjálfsmynd barnanna vandaði maður sig mjög, hvað þú sagðir og hvernig þú hagaðir þér. Það var notað ákveðið orðaval, ég var uppfull af öllum þessum orðum. En núna lít ég ekki síður á innri líðan barnsins. Sem ég held að ég hafi kannski ekki verið að velta mikið fyrir mér á þessum tíma. Eða hvers vegna þú varst að þessu. Var það af því að þú ætlaðir að vera svo góð? Svo klár? Ég held að ég hafi ekki ígrundað það mjög. Þetta var kannski eins og með Uppeldisáætlunina, þetta var eitthvað sem maður átti að gera, ég kafaði ekkert endilega svo djúpt ofaní það. Það var einhver miklu merkilegri fræðingur búin að uppgötva þetta og svona áttir þú að haga þér. En smámsaman tileinkaði ég mér þetta, fór að hafa trú á því og fann að það virkaði. Ég held að ég líti núna fyrst og fremst á styrkleika barnanna en ekki alltaf á veikleika, hvað sé að. Ég held að það sé að koma núna.

Skapalón

Svo er það eftiröpunin sem Birgitta (í bókinni) kemur inná, að apa hvert eftir öðru og hún spyr einmitt er það svo slæmt? Vea (frá Reggio) bendir henni á að eftiröpun er í raun ein leið þekkingar, það að fá hugmynd frá þér, gera að minni og þróa hana að nýrri. Þó svo að hún þróist ekki strax þá ertu komin með hana og þú gerir það kannski seinna. Mér finnst þetta vera alveg lýsandi fyrir Vygotsky, þegar hann er að tala um að börn læri af þeim sem eru aðeins betri en þau, ekki endilega þeim elstu eða bestu. Þá hlýtur endurtekningin og eftiröpunin að vera ákveðinn lærdómur því hún er stuðningur. Til dæmis þegar ég ætla að prjóna fallega peysu þá fer ég að kíkja í kringum mig til að fá hugmyndir. Hér einu sinni áttu börnin ekkert að hafa fyrir aðeins autt blað, þau áttu að skapa og skapa en börn eru mismunandi frjó. Umræðan um skapalónin, á tímabili var viðhorfið, út með öll skapalón! Það áttu bara að vera auðir veggir og auð borð og autt blað og börnin vissu ekki hvaðan að þeim stóð veðrið, mér finnst það jafn vitlaust og að vera með eintóm skapalón og veggfóðraða veggi af myndum.

Að lokum

Hér líkur þessari samantekt, eflaust eru ekki allir félagar okkar sammála þessu, en það væri nú lítil fjölbreytni í landslaginu ef engin væru fjöllin og dalirnir, fjölbreytnin er alls staðar jafnvel eru þagnir mismunandi. Ég vona að þetta greinarkorn verði til þess að kollegar okkar rifji upp og reyni að muna líkt og við gerðum, myndi sér skoðanir og hafi ánægju af og not fyrir. Hér í lokinn varpa ég fram

nokkrum spurningum (þegar ég segi hér kennarar, þá á ég við allar kennarastéttir).

- Hafa ítarlegar námskrár tilhneigingu til að binda hendur kennara, slæva sjálfstæða hugsun, áhugahvöt og metnað þeirra?
- Eiga málefni leikskóla í dag í vök að verjast í samstarfi við grunnskóla?
- Einblína kennarar frekar á veikleika en styrkleika einstaklinga?
- Stuðla kennarar að einelti?
- Hvetja kennarar börn til að beita skapandi og sjálfstæðri hugsun eða eru þeir of uppteknir af því að fræða þau um eigin þekkingu?
- Styðja reyndir leikskólakennarar þá nýútskrifuðu?

Heimildir

Munro, P. 1998. Subject to fiction. Women teachers' life history narratives and the cultural politics of resistance. Buckingham, Open University Press.

Leirverk sem börnin höfðu unnið út frá þema um villt dýr þeim verkum var komið fyrir í almenningsgarði í borginni og sáu foreldrarnir um að koma þeim fyrir, fyrir sýninguna

Leikskólinn minn, þar sem ævintýrin gerast!

Höfundur Sigríður Síta Pétursdóttir, sérfræðingur við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri.

Í greininni setur höfundur fram eigin sýn á leikskólann, hvernig hún telur að hægt sé að skipuleggja íslenskan leikskóla í anda Reggio Emilia.

Að vinna með börnum er að vinna með framtíðina.

Loris Malaguzzi

Leikskólinn endurspeglar viðhorf samfélagsins sem hann tilheyrir.



Samfélagið hefur ákveðna sýn á leikskólann, um hvað starfið í leikskólanum á að snúast.
Hver er sýn okkar samfélags til leikskóla?



Verkefnatengt nám, þar sem hver lærir á sínum forsendum, þar sem áhugahvötin er drifkrafturinn og allt er mögulegt.

Börn og fullorðnir rannsaka, stundum saman, stundum sitt í hvoru lagi.



Forsendur

"Barnæskan á að vera skemmtilegt ævintýri", sagði Loris Malaguzzi einhverju sinni. Í þessu greinarkorni er hugmyndin að gefa innsýn í það sem einkennir starf í leikskóla, og beina athyglinni að starfi leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia (RE) hugmyndafræðinnar[1]. Hugmyndafræði sem er opin og lifandi, sem tekur mið af þeirri menningu og umhverfi sem leikskólinn er í. Mannauðurinn sem felst í börnunum, starfsfólkinu og foreldrum, er það sem lagt er til grundvallar í starfinu. Mikið er lagt upp úr rannsóknum starfsmanna og barna, rannsóknum sem miða að því að verða betri og færari, að nýta alla hæfileika sína og möguleika til fullnustu.
Í leikskólanum er verið að fást við verkefni, verkefni sem byggja á einhverju ákveðnu þema. Eitt verkefni getur varað allt frá nokkrum dögum upp í nokkra mánuði og jafnvel lengur, það fer allt eftir eðli verkefnisins og eins hvert rannsóknir og áhugi barnanna leiðir. Svo hægt sé að halda utan um starfið og meta hvernig gengur og hvað er að gerast, er beitt uppeldisfræðilegri skráningu, þar sem skráð er hvað fyrir augu og eyru ber í leik og starfi barna og kennara. Tilgangurinn með skráningum er að læra um hæfileika og styrk hvers einstaklings. Kennarar rannsaka hvað börn geta, hvernig þau læra og hvaða leiðir þau fara við það. Börnin rannsaka lífið og tilveruna, gera tilraunir og uppgötvanir. T.d. hvað gerist þegar...? Hvernig...? Hvers vegna þetta og hvers vegna hitt?
Það er verið að rannsaka lífið og velta fyrir sér tilverunni. Börnin læra um samskipti og samkennd, um það að vera einstaklingur sem getur og kann, einstaklingur sem spyr til að leit svara, um leið og kennarar og foreldrar læra um hvað börn eru hæfileikarík og getumikil.
Það skiptir ekki öllu máli hvert viðfangsefnið er, heldur öllu fremur ferlið þ.e. hvernig er nálgunin, að hún sé á forsendum barnanna. Viðfangsefnið er nálgast með því að vekja upp forvitni og rannsóknarþörf barnsins, það er meðal annarrs gert með því að spyrja opinna spurninga, hvað, hvernig, hvers vegna osfrv. Hinn fullorðni leysir ekki úr neinu fyrir barnið, barnið finnur sínar eigin lausnir, sín svör, á sínum forsendum og fer sínar leiðir. Kennarinn ber virðingu fyrir kenningum og tilgátum barnanna og hlustar á þær.

[1] Höfundur þeirrar hugmyndafræði sem kennd hefur verið við Reggio Emilia (RE), er Loris Malaguzzi, en ekki síður börn, starfsfólk og foreldrar, leikskólanna í Reggio Emilia á N-Ítalíu. Hugmyndafræðin hefur verið í þróun allt frá opnun fyrsta leikskólans þar, fljótlega eftir seinni heimstyrjöldina, fram á daginn í dag og verður vonandi um ókomna framtíð.

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð til gagnaöflunar. Aðferð til að auka skilning okkar á starfi leikskólans. Sem beinir sjónum okkar að hæfileikaríka og getumikla barninu.

Innihald skráninganna notar leikskólakennarinn til að ígrunda og skoða eigið starf.

Kennararnir þrír:

- kennarinn,
- barnið
- umhverfið

Kennarinn er samferða barninu, en þó alltaf skrefinu á undan, hann reynir að spá fyrir um næstu skref.

Börnin læra af hvort öðru og styðja hvort annað.

Umhverfið verður að vera sveiganlegt og meðfærilegt. Áhersla á gott rými, sem er hvetjandi til sköpunar og samskipta.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er mjög náið, foreldrar taka þátt hver á sínum forsendum. Það eru til ótalmargar leiðir fyrir foreldra til að taka þátt og ekki til neinn tæmandi listi þar um, t.d. þegar barn og foreldrar fara saman í frí, þá geta foreldrar aðstoða við að safna minningum úr fríinu, með því að hafa með lítinn kassa þar sem sett er í eitthvað sem tengist fríinu. Með þessu móti getur barnið endurupplifað fríið með leikskólakennaranum og börnunum síðar.
Hvert barn á sína dagbók þar sem safnað er í upplýsingum um framfarir hjá barninu, í gegnum árin, dagbókin fer með heim af og til, svo foreldrar geti líka skráð í hana. Þannig vinna foreldrar og leikskólinn saman að því að ala upp og mennta ríkan einstakling.
Ánægðir foreldrar eru góðir talsmenn leikskólans og eru líklegir til að beita áhrifum sínum t.d. gagnvart yfirvöldum ef á þarf að halda.

Að rannsaka krefst rýmis bæði innan- og utandyra

“Barn hefur 100 mál en er svipt 99” er heiti á ljóði eftir Malaguzzi, í ljóðinu er sýnt fram á hvers vegna það er mikilvægt að börnin fái notið tungumálanna sinna hundrað.
Þegar hugsað er um nám í leikskóla má ekki hugsa út frá þeirri sýn að börnin sitji við borð og læri það sem kennarinn miðlar til þeirra. Í leikskóla eru börnin að læra í gegnum leikinn og víxlverkun umhverfis og sjálfs, því þarf að gera ráð fyrir að hver einstaklingur þurfi rými til athafna og hreyfinga, hver á sinn hátt. Þess vegna verða fyrri viðmið um rými gagnslaus. Umhverfið á að vera síbreytilegt og bjóða upp á marga valkosti. Í Reggio hugmyndafræðinni er oft talað um að kennararnir séu þrír:

- kennarinn
- barnið
- umhverfið

Umhverfið er sveigjanlegt og meðfærilegt, áhersla er á gott rými, sem er hvetjandi til sköpunar og samskipta.

Leikskóli er líkastur ævintýrahöll, þar er unnið markvisst með liti, skugga og ljós, barnið er í aðalhlutverki og fær ótal möguleika að gera tilraunir og leika með alvöruhluti en ekki eftirlíkingar.
Í ævintýrahöll er mikið af gluggum, bæði litlir og stórir, háir og lágir þannig hafa allir glugga í sinni hæð. Lýsingin skiptir miklu máli, hún kemur úr öllum áttum,

ofan frá, til hliðar, neðan að og allt þar á milli, möguleikarnir eru endalausir.

Speglar

Speglar spila stórt hlutverk í leikskólanum þar sem þeir hjálpa til við að styrkja sjálfsmyndina. Speglarnir eru sem víðast, t.d. við hurðarhúna, ofan á borðum, niður við gólf, stórir speglar sem ná yfir hluta veggjar, fyrir ofan vaskana, hangandi fyrir ofan skiptiaðstöðu ungu barnanna og í fataherbergi. Speglar eru ekki bara ferkantaðir, þeir geta haft margvíslega lögun, þeim má raðað upp á fjölbreyttan hátt í mismunandi hæð, einnig eru frístandandi speglar.

Í ævintýri getur allt gerst!

Í ævintýrahöll er nóg rými fyrir alla

Deildir leikskólans, eru fyrst og fremst vinnusvæði þar sem börnin hafa aðstöðu til að rannsaka, gera tilraunir og uppgötvanir. Mikilvægt er að gólfrými sé nægjanlegt þannig að hægt sé að leyfa verki að standa og koma aftur að því til að þróa áfram.
Hver deild er eitt rými með möguleika á skiptingu með römmum, hillum eða skilrúmum, þannig er rýmið lagað að því sem þar fer fram hverju sinni án þess að fara út í miklar breytingar. Starfið í leikskólanum er í stanslausri þróun og hver hópur barna og kennara, mótar starfið á hverju ári. Þannig getur það verið að eitt árið henti að vera með mörg lítil rými, þegar annað árið hentar hópnum best að hafa mikið gólfpláss og stórt rými. Með lausum skilrúmum í formi lágra hillna eða öðru slíku, mótar hver hópur rýmið að sínum þörfum.

Hvað gerir þú ef vinur þinn vill ekki leika við þig?
Edward(4,6): Ég leik mér bara við einhvern annan.
Stefán(4,5): Þá leik ég mér bara við annan.
Sævar(4,6): Leik ég bara kannski við Edward,Kjartan eða Daníel.
Kjartan(4,7): Þá leik ég mér sjálfur.
Daníel(4,6): Leika mér sjálfur.

Aldurskiptar deildar

Deildirnar eru aldursskiptar og tekur búnaður hverrar deildar mið af þeim aldurshóp sem þar er. Kennarar flytjast með börnunum milli deilda, þó ekki allir í einu, einn kennari á ári. Þar sem það flytja ekki allir í einu þá er alltaf einhver á deildinni sem þekkir til þess sem hefur verið gert. Með þessu fyrirkomulagi læra börn og kennara að þekkja væntingar og kröfur hvors annarrs, hvers þau eru megnug, hvað þau geta, hvert og eitt.

Hvíldaraðstaða

Hverri deild tilheyrir hvíldaraðstaða fyrir börnin, svefnaðstaða fyrir þau yngstu en hvíldarherbergi fyrir þau eldri. Yfirbragð hvíldaraðstöðunnar er rólegt, dempuð

Kjartan (4,7ára) spyr Hóffu leikskólakennara: Hvað ertu gömul?
H: ég er 40 ára.
K: 40, 50…þú ert alveg að fara að deyja!!!
H: nei, nei vonandi ekki strax!!
K: hver verður þá á okkar borði þegar þú ert dauð?
H: já hvað gerið þið ef ég væri dáin?
Fríða Björk: við skömmtum okkur þá bara sjálf!!

Á torgi er líf og fjör!

Hvað er að vera glaður?
Stefán(4,5): Þegar maður er búin að vera í fýlu.
Sævar(4,6): Kannski þegar mamma kaupir eitthvað handa mér.
Kjartan(4,7): Það er að gleðja.
Daníel(4,6): Vera brosandi

.

ljós, í loftinu er blámáluð grisja sem minnir á himinninn þar sem sést í glitrandi stjörnur. Allir eiga sína dýnu, teppi og kodda. Í erli dagsins er nauðsynlegt að hvílast til að safna kröftum yfir miðjan daginn í einn til tvo tíma.

Sýnilegur efniviður

Hver deild hefur opnar geymsluhillur, fyrir margbreytilegan efnivið, jafnt leikföng sem endurnýtanlegt efni. Allur efniviður er hafður sýnilegur og aðgengilegur fyrir börnin, þannig vinnur umhverfið með okkur. Í stað þess að þjóna börnunum getur kennarinn verið í leiðbeinenda- og rannsóknarhlutverki. Allt er svo fallega uppraðað, í glærum krukkum þar sem litir efniviðsins fá að njóta sín.

Skráningarveggir

Fyrir framan hverja deild er veggpláss, þar sem skráningar úr starfinu, eru gerðar sýnilegar fyrir alla sem í leikskólann koma, með myndum, ljósmyndum og teikningum, frásögnum úr starfinu og endurritun á samtölum. Þannig geta foreldrar tekið upp þráðinn með barninu sínu og haldið áfram þegar heim er komið eða síðar.

Miðrýmið

Í miðju hússins er torg, þar sem vinir og félagar hittast og taka tal saman, fara í leiki eða setjast niður í gamla notalega sófann sem þar er og fylgjast með mannlífinu. Það hversu hátt er til lofts og að það er gler í þakinu, gefur okkur þá tilfinningu að við séum stödd á raunverulegu útitorgi. Um allt eru grænar plöntur sem gefa svæðinu aukið líf og hlýleika og lætur okkur líða vel.
Miðrýmið er opið þannig að það myndar flæði milli allra deilda og tengir lífið í leikskólanum saman. Allstaðar eru speglar af öllum stærðum og gerðum, t.d. stór þríhyrningur með speglum á öllum hliðum bæði innan og utan. Í einu horninu eru spéspeglar sem vekja hlátur og kátínu þegar reynt er að spegla sig.

Með stórum gluggum og glerveggjum skapast tengsl milli innra og ytra rýmis.

Hægt er að opna stóra glerhurð út úr miðrými út á annað torg sem opnast í suður en er með skjól af húsinu á þrjá vegu. Á hellulögðu torginu er sköpuð aðstaða fyrir börnin

Í leikskóla er gaman, þar er fantasían í hávegum höfð



Hvenær líður þér illa?
Stefán: Þegar ég vill ekki sofa.
Sævar: Þegar einhver er að meiða mann.
Kjartan: Þegar einhver er að skemma fyrir mér.
Daníel: Þegar einhver meiðir mig.



Hvenær líður þér vel?
Stefán: Þegar mér er búið að dreyma vel.
Sævar: Kannski bara þegar mig dreymir fallegt.
Kjartan: Núna.
Af hverju?
Kjartan: Bara.
Daníel: Þegar mamma kemur með mér að kaupa eitthvað t.d engjaþykkni.

til að fara út með málaratrönur, eða til að fara út með borð og stóla og leir þar sem hægt er að skapa listaverk með því að túlka það sem sést úr skýjunum og umhverfinu.

Í miðrýminu eru pallar (upphækkanir) sem má raða upp á marga vegu, t.d. sem leiksvið, til að byggja á, eða fyrir uppstillingar listaverka svo eitthvað sé nefnt. Með færanlegum upphækkunum eykst notagildi þeirra umfram að hafa fast svið sem takmarkar t.d. gólfrými.
Á torginu er tveir hálfhringir, inn í þeim hanga föt á snögum, þessum fötum er ætlað að auðvelda börnunum að bregða sér í hin ýmsu hlutverk í hlutverkaleiknum.
Rúmgott miðrýmið hefur fjölnota gildi, sem tenging milli deilda, fyrir hreyfileiki, framlenging á listaskála, rými fyrir frjálsaleikinn um leið og það er samkomustaður allra í skólanum. Með því að nota ýmiskonar skilrúm má auka á notkun rýmisins og gefa marga möguleika, t.d. að skipta upp rými, til að hengja upp myndir og skráningar. Rammana er einnig hægt að nýta inn á deildum. Með stórum römmum, sem eru á brautum í loftinu, skapast möguleikar til að búa til skuggaleikhús svo eitthvað sé nefnt.

Listaskáli

Listaskáli þar sem hægt er að vinna að stærri verkefnum í tengslum við þema, er hluti af miðrými. Í listaskála, þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja, birtan kemur úr öllum áttum – ofan frá, til hliðar. Í listaskála eru margir gluggar, þar sem ljós og skuggar leika stórt hlutverk í námi og leik barnanna. Börnin sem eru við vinnu í listaskála, geta nýtt sér svæðið fyrir framan skálann þegar þannig ber undir. Í listaskála er aðgegni að efnivið greiður og umhverfið er skapandi.

Matsalur

Þar sem deildarnar eru fyrst og fremst vinnusvæði, er mikilvægt að hafa matsal, með fallega dúkuðum borðum. Matsalurinn er í miðrýminu, í grennd við eldhúsið, en stendur þó örlítið sér, þannig er hægt að nýta matsalinn sem viðbót í miðrými, ef um stærri uppákomur er að ræða, s.s. fjölmenna foreldrafundi og aðrar samkomur.
Með því að hafa matsalinn ekki sem hluta af miðrými, er matartímunum gert hátt undir höfði og undirstrikað mikilvægi þess að borða góðan mat í góðra vinahóp í fallegu umhverfi. Matsalurinn er örlítið til hliðar í miðrými, þess vegna eru borð og stólar ekki að taka upp

Viðfagnsefnið verður ævinlega að vera nákomið barninu og taka mið af nánasta umhverfi þess og hversdagsleika. Það stoðar lítið að ætla að vinna með eitthvað sem ekki er í tíma og rúmi barnsins. Barnið verður að skilja tilgang verkefnisins og geta tengt það við eigin reynslu. Barnið þarf að hafa áhuga á og löngun til að rannsaka og gera tilraunir.



Að bera ómælda virðingu fyrir hverju barni hverjum einstaklingi.
Að trúa því að öll börn fæðist hæfileikarík og full af drifkrafti og vilja til að rannsaka heiminn.

pláss, það auðveldar allt aðgengi um miðrýmið og eykur þar með gildi þess.
Fegurð í búnaði og rými, t.d með skrauti í hillum og á veggjum, fallegum dúkum, tauservíettum og servíettuhringjum, eykur ánægjuna við að borða góðan og hollan mat.

Geymslurými

Mikilvægi þess að hafa gott og rúmt geymslurými er óumdeilanlegt. Þar sem hægt er að hýsa efnivið og einnig verk sem þarf að geyma. Þegar verkefni fæðist eða verður til, þarf aðgangur að efnivið að vera greiður. Það er erfitt, nánast ómögulegt að segja fyrirfram um hvaða efniviður verður notaður, því það eru börnin sem skapa listaverkið, hinn fullorðni ákveður ekki hvað er notað í hvert sinn. Af þeim sökum þurfa geymslur að vera það rúmar að hægt sé að geyma til lengri eða skemmri tíma margvíslegt efni af ýmsum stærðargráðum. Eftir því sem starfið þróast og árunum fjölgar safnast saman upplýsingar um hin ýmsu þema sem unnin eru í leikskólanum, með varðveislu verður smám saman til gagnagrunnur, með aðgengi fyrir aðra leikskóla og kennara að vinna úr og byggja á. Gera þarf ráð fyrir að hýsa þessar upplýsingar.

Útisvæðið

Ævintýrin verða líka til úti, þar fer ekki minna nám fram heldur en inni, því er ekki síður mikilvægt að huga að því að útisvæðið sé skapandi og í tengslum við innrarýmið. Með því að hafa stóran glervegg sem opnast út úr miðrýminu, út á hellulagt torg, er verið að auka nýtingu húsins og tengja saman inni og úti.
Útissvæðinu er skipt í nær- og fjærsvæði.

Nærsvæði

Hellulagt er meðfram húsinu og hurð út af hverri deild, þannig er aukið við rými deildarinnar á góðum og sólríkum dögum. Að fara með kubba, leir, liti og blöð út á stétt, er skemmtileg tilbreyting í hið daglega starf. Torgið er hluti af nærsvæði, þar eru t.d. bekkir og borð.
Útikubbasvæði, hefur að geyma stóra kubba í þremur stærðum og fjölum í þremur lengdum. Litla stiga, u.þ.b. 4 til 5 þrep, með krók að ofan, vagna á stórum gúmmíhjólum, trédýr, bíla og annað það sem getur vakið sköpunargleði hjá hæfileikaríkum börnum. Til að geyma

Hugmynd að heimatilbúnu trjádrumba leiktæki einhvern veginn svona



Trjádrumbar bundnir saman – hallar – hægt að fara undir – klifra upp á og svo framvegis – margir möguleikar – jafnvel hægt að setja net yfir eða ábreiðu til að breyta í tjald.

- Góður aðbúnaður –
- faglegt starf –



Tveir drengir, Andri (5,11) og Björn(5,6), voru að sækja mjólk í eldhúsið, en þar var þá engin, starfsmaður á skrifstofu varð vitni að eftirfarandi samtali.
Andri: Ég þarf að ná í mjólkina mína.
Björn: Það er engin hér, þá verðum við að hjálpast að.
Andri: Já, lyftu mér.
Starfsmaður: Gátuð þið bjargað þessu sjálfir?
Björn: Já, við hjálpuðumst að, ég lyfti honum.

kubbana er lágreistur skúr, sem er þannig gerður að hægt er að opna alveg eina hliðina, þetta auðveldar allt aðgengi um skrúrinn umleið og það myndar skjól. Í skúrnum er líka pláss til að geyma fötur og skóflur og annað slíkt.

Fjærsvæði

Útisvæðið er leikvænt og býður upp á mörg ævintýri, það er ekki of mikið manngert, þ.e. ekki er mikið um tilbúin leiktæki. Með trjádrumbum, hólum, steinum, brúm á milli hóla, vatnshana, ósnortnu svæði[2], grasflöt[3], tré (bæði barr og lauf), skapa börnin sjálf leiktækið. Því minna sem er af tilbúnum leiktækum þeim mun meira frelsi hafa börnin til að skapa og uppgötva.
Af tilbúnum leiktækjum er það sexhyrningsróla, eða aðrar rólur þar sem börnin snúa á móti hvert öðru þegar þau róla. Til að auka á notagildi og koma til móts við breiðan aldur barnanna, eru hafðar mismunandi rólur í hverjum ramma. Með því að hafa rólunar í hring eru meiri líkur á að skapist samskipti milli barnanna, því börnin hafa tækifæri til að ná augnsambandi við hvort annað.
Rennibraut, er hluti af einum hólnum, það reynir á marga stóra vöðva að klifra upp á hólinn, svo er rennt sér niður og klifrað upp aftur, engin hætta á að slasa sig í stiga sem getur orðið háll á vetrum og í bleytu.

Sandur, mold og steinar

Sandur er endalaus uppspretta leikja og því er stór sandkassi eða öllu heldur sandsvæði sem liðast á milli hólanna eins og lækur. Á sandsvæðinu er bæði venjulegur sandur og skeljasandur.
Steinvölusvæði er í grennd við sandinn, steinvölur geta leikið mörg hlutverk sérstaklega ef þær eru litfagrar, t.d. gull, peningar, lítil dýr, skreyting á tertur svo eitthvað sé nefnt.
Hvað er skemmtilegra og meira skapandi en að galdra fram listilega skreyttar “kökur”? Þá kemur sér vel að á lóðinni vaxa fíflar og fleiri íslensk blóm. Það er svo notalegt tilfinning að grafa með fingrunum í mold og

[2] Grasið fær að vaxa í friði fyrir sláttuvélum. Þess er gætt að moka ekki öllum jarðveginum sem fyrir er í burtu til þess eins að þurfa að keyra nýjan þangað í staðinn. Í íslenskri náttúru vaxa fíflar og sóleyjar og mörg önnur falleg blóm sem sumir kalla órækt, en eru hluti af íslenskri flóru og eiga því að fá að vera með.
[3] Ekki ofstór hluti lóðarinnar og jafnvel allveg óþarfi að vera slétta ofmikið úr garðinum, það eru komnar sléttar stéttar við húsið. Hvað með þúfurnar?

„Verkfærakassi“ hins rannsakandi leikskólakennara inniheldur m.a. ;

- Blað og blýnat,
- MD-upptökutæki,
- Stafrænamyndavél,
- Tölvu og skanna.

Tvö börn, á þriðja ári, eru að leika sér með dýnu á gólfinu.
S: Við skulum hafa þetta fyrir bát
H: Nei, þetta er slökkviliðsbíll
S: Nei, þetta átti að vera bátur af því að þetta er sjór.
H: En mig langar að hafa þetta fyrir slökkviliðsbíl
S: Ég veit, þetta er slökkviliðsbátur!
H: Ókey!

vatni. Þess vegna er svæði á lóðinni með rennandi vatni og mold.
Við einn hólinn eru lítil hús úr körfuvíði mótuðum eins og indíánatjöld, það er svo gaman að sitja með vini sínum inn í húsi sem umvefur mann og segja sögur og hlæja.
Göng er í gegnum einn hólinn, á öðrum stað er veggur með gluggum og speglum í hæð barnanna, það er ekki síður mikilvægt að spegla sig úti en inni.
Á meðal útileikefnis er endurnýtanlegur efniviður, t.d. ganga pottar og pönnur, sleifar og ausur og margt fleira í endurnýjun lífdaga.

Vinnuaðstaða starfsfólks

Þar sem leikskólakennararnir stunda rannsóknir í starfinu hafa allir greiðan aðgang að tölvum, fagbókasafni og aðbúnaði til að ganga frá skráningum, myndum og öðru sem tilheyrir starfinu. Gott borðpláss, hillur fyrir gögn og vinnuborð í góðri hæð, þannig að hægt er að standa við það eða sitja á háum stólum þegar verið er að ganga frá verkefnum. Í vinnuaðstöðu er rými fyrir fagbókasafn leikskólans, sem stækkar og eflist eftir því sem starfinu fleygir fram. Auk þess er bókasafn fyrir bækurnar sem börnin hafa aðgang að, þar er aðstaða er til að setjast niður einn eða í hóp.
Í viðtals- og fundarherbergi er fundarborð og stólar fyrir 10 – 12 manns. Með því að hafa viðtals-/ fundarherbergi í tengslum við kaffistofu starfsmanna skapast möguleiki á að stækka fundaraðstöðuna t.d. fyrir starfsmannafundi og slíkt.
Skrifstofa leikskólastjóra skiptist í tvö vinnurými, annað er fyrir ritara. Með því að hafa ritara, sem hefur umsjón með allri pappírsvinnu leikskólans, gefst leikskólastjóranum meiri tími til að sinna faglegum þáttum starfsins.

Verkfærakassinn

Í verkfærakassa leikskólakennarans er meðal annars; stafrænrmyndavél, myndbandsupptökuvél, MD-upptökutæki (stafrænn digtafónn) og lítil segulbönd, sjónvarp og myndbandsspilari, tölvur og skannar. Allt eru þetta fylgihlutir sem eru nauðsynlegir í nútíma leikskóla þar sem kennararnir stunda rannsóknir. Myndvarpar eru á hverri deild til nota fyrir börnin, einnig ljósaborð, og margt fleira sem kennarar og börn taka til gagns eftir því sem tækninni fleygir fram. Efniviður leikskólans er sóttur

víða þar er t.d. pappír af öllum stærðum og gerðum, penslar, litir, kubbar og efni úr náttúrunni.



Þráðlausar tengingar

Með þráðlausum tengingum, bæði fyrir síma og tölvur, er opnað fyrir þann möguleika að komast inn á netið og vinna á sameiginlegu heimasvæði leikskólans hvar sem er í húsinu, það er ekki lengur bundið við að vera á einhverjum ákveðnum stað í húsinu. Í nútíma leikskóla er það sjálfsagt að hafa val um hvoru tveggja fartölvur og borðtölvur, sem gera alla gagnavinnu og upplýsingasöfnun aðgengilegri og fljótvirkari.

Veraldarvefurinn

Leikskólinn er að sjálfsögðu með heimasíðu þar sem foreldrar geta nálgast upplýsingar og fylgst með starfinu í gegnum netið. Hver deild hefur sína síðu og netfang, þannig geta börnin verðið í samband við mömmu og pabba og afa og ömmu, sent þeim mynd sem þau hafa teiknað eða sagt þeim fréttir úr leikskólanum, möguleikarnir eru endalausir.

Umhverfisvernd

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir endurnýtingu á öllum efnivið, flokkun á úrgangi er þar á meðal. Á lóðinni eru jarðgerðarkassar, ekki duga minna en tveir ef á að vera gagn af. Leikskólinn er ekki undanskilinn því að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið frekar en aðrir í samfélaginu.

Þegar gæta skal öryggis er ekkert til sparað.

Öll blöndunartæki hafa nema á krönum, sem setur vatnið af stað þegar hendi er sett undir, mátulega blandað til handþvottar og stoppar þegar hendi er tekin frá. Með slíkum nemum er dregið verulega úr slysahættu sem getur verið veruleg vegna ofheits vatns, það segir sig sjálft að kalt vatn eingöngu er ekki nægjanlegt við handþvott. Sparnaður í notkun á vatni er líka nokkuð sem þarf að taka tillit til og það vill stundum gleymast að skrúfa fyrir eða er ekki nægjanleg fast skrúfað fyrir.

Leikskólinn á að veita hverju barni tækifæri til að þroska :

- Hæfileikann til að tjá hugsanir sínar og skoðanir og þar með vera við stjórnvölin í eigin lífi
- Hæfileikann til að taka ábyrgð á gerðum sínum og umhverfi
- Hæfileikann til að skilja og bregðast við á málefnalegan (lýðræðislegan) hátt, með því að taka þátt í margvíslegum samskiptum og ákvörðunum.

Hvað eru vinir?
(2ja ára börn)
B: Leika sér
D:Nudda mann
E: Elska mann

Mikilvægi þess að drekka vatn þarf ekki að nefna, því er á nokkrum stöðum í leikskólanum drykkjarstöðvar, þar sem börnin hafa greiðan aðgang að vatni. Oft þyrstir mann í hita leiksins og hvað er þá betra en íslenska vatnið?

Í nútíma leikskóla nýta menn sér nýustu tækni og láta tæknina þjóna sér, en eru ekki þrælar tækninnar.

Að lokum

Í leikskólanum er tekið mið af einstaklingnum, því sem sameinar og því sem er ólíkt, margbreytileikanum, samstöðunni og samvinnunni. Ég trúi því að með því að virkja hæfileika einstaklingsins, beina sjónum sínum að því sem er sérstakt, erum við að styðja við og efla lýðræði.
Eitt af hlutverkum leikskólans er að láta rödd barnsins hljóma og það gerum við m.a. með því að gera verk þeirra sýnileg fyrir foreldrum, fyrir ráðamönnum og ekki síst fyrir almenningi.
Við hönnun leikskóla á að hugsa út frá starfinu sem þar á að fara fram, hafa ber það í huga að starfið er sífellt í mótun, þess vegna verður að hafa ákveðin sveigjanleika og fegurð í huga þegar leikskóli er hannaður. Leikskóli er ekki bara hús, hann er fyrst og fremst fólkið, börn og fullorðnir sem þar starfar. Ef hins vegar gætt er að því að saman fari fegurð í hönnun og metnaðarfullt starf, allra sem að verkinu koma frá a-ö, er það ávísun á gæði.
Þetta eru mínar hugmyndir um leikskóla og það sem þar ætti að fara fram. Ég vona að ég deili þessari sýn með einhverjum.

Með bestu kveðju, Sigríður Síta Pétursdóttir, leikskólakennari

Á öskudaginn voru tveir drengir (3,5 ára) að leika sér saman og voru þeir báðir í Batmanbúning og var annar þeirra með grímu en hinn ekki. Sá með grímuna segir þá, án þess að búningarnir hafi nokkuð komið til tals,: ég á tvær grímur en Siggi á enga svo að ég ætla að lána honum hina.

Heimildir

Ceppi, Giulio, Michele Zini. 1999. *Children, spaces, relations, metaproject for an environment for young children.* Reggio Children. Domus Academy Research Center. Milan

Edwards,Carolyn, Lella Gandini og George Forman. 1998. *The hundred languages of children. The*

Reggio Emilia approach – advanced reflections. Second edition. London, Ablex Publishing Corp.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins.* Akureyri. Textasmiðjan.

Trenskow, Marianne, Sussann Elbæk og Anja Kirkeby. 1998. *Det bli'r aldrig som för.* Pædagogisk udviklingsprojekt i Aalborg kommune, med udgangspunkt i erfaringer fra den pædagogiske filosofi i Reggio Emilia, Italien. Álaborg, Skipper Clement Seminariet.

Við Úlfljótsvatn

Heimsókn til Reggio

Anna Friðriksdóttir og Jenný Gunnarsdóttir leikskólanum Fögrubrekku Kópavogi.
Hólmfríður Sigmarsdóttir leikskólanum Marbakka Kópavogi.

Íslensku þátttakendurnir

Sögur í tösku, var stillt upp fyrir utan töskubúð

Remidia -sýnishorn

Við áttum því láni að fagna að komast á námskeið í Reggio Emilia um miðjan maí s.l. Það var ómetanlegt fyrir okkar að fá það tækifæri og viljum við hér reyna að deila með ykkur hluta af þeirri upplifun sem við áttum þar.

Við komum til Reggio um miðjan dag á laugardegi og byrjuðum á því að fara í stutta vettvangsferð með Guðrúnu Öldu sem þekkir hér hvern krók og kima. Eftir hvíldarstund var sameiginlegur kvöldverður fyrir ráðstefnugesti sem voru flestir frá Svíþjóð nokkrir Finnar, Norðmenn, einn frá Sviss og svo við fimm frá Íslandi. Á sunnudeginum var svo nefndur Remidadagur í Reggio, þá eru verk barnanna sýnileg um alla borg og höfuð áherslan lögð á endurnýtanlegan efnivið, þó einnig væru verk úr annarskonar efniviði.

Remida er staður rekinn af bæjarfélaginu, þar sem fyrirtæki geta,sér að kostnaðar lausu, komið með efnivið sem þau hafa ekki lengur þörf fyrir, þar tekur stafsfólk við efninu og sorterar og síðan geta leikskólarnir sótt þangað það sem þá vanhagar um. Sem dæmi um það sem þar finnst er plast og gler, járn, pappír. Skrúfur, tölur, gormar, felgur allskyns plast í mismunandi forum og litum, garn

Hárkollur

Leirskór á leið??

Skónum leiddist í búðinni og þeir struku, - til þess þurftu þeir vængi.

afgangar, ber og baunir og þannig mætti endalaust telja. Hér sér bæjarfélagið sér hag í því að skapa fyrirtækjunum aðstöðu til að losna við afgangs efnivið og spara með því leikskólunum innkaup á sama tíma og þetta er atvinnuskapandi. Þetta gerir það að verkum að efniviður leikskólanna er miklu fjölbreyttari en ella væri.

Um alla miðborgina voru verk eftir börn, afrakstur vetrarins, virðing fyrir verkum barnanna var augljós og áhugi almennings greinilega mikill því bærinn var fullur af fólki sem var að skoða og þar var greinilega ekki eingöngu um að ræða foreldra leikskólabarna. Á að minnsta kosti þrem stöðum voru spilaðar upptökur af leik barna með hljóð og hljóðgjafa og sýnishorn af hljóðfærum sem börnin höfðu búið til úr allskyns endurnýtanlegum efnivið. Hverju verki fylgdi skráning.

Sú upplifun að ganga um götur Reggio þennan dag er ólýsanleg, að uppgötva ný verk í hverju horni, sjá hvernig búið var að gefa hurðarhúnunum nýtt líf og skreyta búðargluggana með verkum sem tengdust því sem var til sölu. Lifandi listsköpun barnanna fékk að njóta sín í hverju horni. Sumir leikskólar höfðu unnið út frá ákveðnu þema en aðrir höfðu farið í vettvangsferðir og valið þá staði í bænum sem þeim þóttu athyglisverðastir og unnið út frá þeim.

Með greininni fylgja myndir sem eru sýnishorn af því sem við upplifðum þennan dag.